

Útboð: „Rammasamningur - Þjónusta iðnaðarmanna – Raflagnir“

Viðauki 1

Borist hafa eftirfarandi fyrirspurnir og teljast svör við þeim viðauki við útboðsgögn.

1. Fyrirspurn

Fram kemur í texta útboðsgagna að bjóðandi samþykkir með tilboði sínu alla útboðs- og samningaskilmála. Einnig kemur fram í útboðsgögnum að stangist texti útboðsgagna á við lög um opinber innkaup, vísur textinn. Er þannig gerð krafa um að bjóðandi samþykki útboðs- og samningaskilmála sem gætu stangast á við lög?

Svar :

Eins og orðalag greinar 0.2.1 útboðsgagna ber með sér, og eðli málsins samkvæmt, vísar texti útboðsgagna fyrir lögum um opinber innkaup ef texti útboðsgagna stangast á við lög. Um er að ræða hefðbundið ákvæði í útboðsgögnum.

2. Fyrirspurn

Í 71. gr. laga um opinber innkaup segir í annarri málsgrein að ekki megi setja skilyrði um hærri lágmarksársveltu en nemur tvöföldu áætluðu verðmæti samnings. Ársvelta samnings gagnvart einu svæði virðist vera vel undir 10 mkr. Hvernig fær Garðabær séð að 20 mkr. krafan samræmist 71. grein laganna nema samið sé um fleiri en eitt svæði?

Svar:

Í 4. mgr. 71. gr. laga um opinber innkaup 120/2016 kemur fram að þegar samningi er skipt í hluta skuli kröfur um fjárhagsstöðu eiga við um hvern einstakan hluta, en þó megi gera kröfu um lágmarksársveltu fyrirtækis með tilliti til fleiri samningshluta ef fyrirtæki sem verður fyrir valinu hlýtur samning um nokkrar samningslotur sem framkvæma á samtímis. Um rammasamninga segir sérstaklega í 5. mgr. sömu greinar að þegar innkaup eru gerð með örútbodum eða verðkönnun innan rammasamnings reiknast hámarksársvelta skv. 2. mgr. 71. gr. á grundvelli væntrar hámarksstærðar tiltekinna samninga, sem framkvæmdir verða samtímis, eða ef hún er ekki þekkt, á grundvelli áætlaðs verðmætis rammasamningsins.

Garðabær bendir á að um rammasamning er að ræða til tveggja ára. Vænt hámarksstærð tiltekinna samninga, sem framkvæmdir verða samtímis, liggur ekki fyrir, auk þess sem ekki er útilokað að sami aðili geti hlotið á grundvelli rammasamningsins fleiri en einn samning, sem framkvæmdir verða samtímis. Krafa um lágmarksveltu miðað við áætlað verðmæti rammasamningsins samræmist því framangreindum ákvæðum laganna.

3. Fyrirspurn

Fram kemur krafa um að velta fyrirtækis sem bíður í samninginn skuli hafa haft að minnsta kosti 20 mkr. í veltu á síðasta ári, er búið að gera ráð fyrir Covid-ástandi í þessum kröfum og er möguleiki að fá þessa kröfu lækkaða?

Svar:

Í grein 0.3.5 í útboðsgögnum varðandi kröfu um lágmarksársveltu er gerð krafa um staðfestingu á veltu vegna rekstrarársins 2019 eða 2020. Umrædd krafa um lágmarksveltu er talin eðlileg og í samræmi við lög um opinber innkaup. Ekki eru að mati Garðabæjar forsendur til þess að endurskoða kröfuna til lækkunar vegna Covid.

4. Fyrirspurn

Varðandi skil á útboðsgögnum, er Garðabær með það í einhverju formati sem hægt er að fylla út og skila inn til ykkar?

Svar:

Ekki hefur verið útbúið sérstakt form til að fylla út, bjóðandi velur framsetningu sjálfur.

5. Fyrirspurn

Grein 0.3.8 kemur fram sú krafa að þeir starfsmenn sem muni sinna þjónustu við kaupanda samkvæmt samningnum, hafi ávallt að lágmarki 3 ára reynslu af þjónustu við mannvirki þar sem rekin er viðkvæm starfsemi eins og við skóla, leikskóla, sjúkrastofnanir, dvalarheimili eða aðrar sambærilegar stofnanir, og að umfang vinnu viðkomandi starfsmanns skuli ekki hafa verið minni en sem svarar einu ársverki, samrýmist ekki OIL. Ekki kemur fram hvernig starfsmenn eru metnir og hver sér um matið. Þá er ekki séð hvernig á að þjálfa nýja starfsmenn til að uppfylla þriggja ára reynslu skilyrðin. Kallað er eftir ítarlegri skýringu á þessari kröfu og hvar megi finna henni stoð í lögum um opinber innkaup.

Svar:

Í lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup er ekki mælt með tæmandi hætti fyrir um þau hæfisskilyrði sem heimilt er að setja.

Í 72. gr. laganna kemur fram að tæknileg og fagleg geta fyrirtækis skuli vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Í því skyni er kaupanda heimilt að setja skilyrði um að fyrirtæki hafi nauðsynlegan mannauð, tækniúrræði og reynslu til að framkvæma samning í samræmi við viðeigandi gæðastaðal. Þá er kaupanda samkvæmt 2. mgr. 72. gr. heimilt að krefjast þess að fyrirtæki hafi nægilega reynslu og sýni fram á það með viðeigandi gögnum. Í 3. mgr. 72. gr. er sérstaklega kveðið á um að þegar innkaupaferli felur í sér t.d. þjónustu er heimilt að meta sérstaklega getu fyrirtækis til þess að veita þjónustuna, einkum með hliðsjón af hæfni, skilvirkni, reynslu og áreiðanleika.

Líkt og fram kemur í útboðsgögnum er sú þjónusta sem útboðið tekur til oft á tíðum við mannvirki þar sem rekin er viðkvæm starfsemi, eins og t.d. við skóla, leikskóla og sjúkrastofnanir. Garðabær telur því nauðsynlegt að gera kröfu um að bjóðendur og þeir starfsmenn bjóðenda sem munu sinna viðkomandi byggingum hafi viðeigandi reynslu af störfum við slíkar aðstæður, enda geti þeir ella ekki efnt skyldur sínar með fullnægjandi hætti samkvæmt fyrirhuguðum samningi.

Eðli rafmagnsþjónustu og sú viðbragðskrafa sem er gerð í samningnum geri það jafnframt að verkum að nauðsynlegt er að gera ríkar kröfur til reynslu þeirra starfsmanna á sviði raflagna sem munu sinna þjónustunni.

Í útboðsgögnum er þess krafist að bjóðendur sýni fram á reynslu sína og starfsmanna með viðeigandi gögnum, sbr. grein 0.3.8 í útboðsgögnum. Mat á slíkum gögnum og því hvort hæfisskilyrðum sé fullnægt fer fram af hálfu umsjónaraðila útboðs.

6. Fyrirspurn

Óskað er eftir upplýsingum um það hvar í lögum um opinber innkaup megi finna heimild til að gera kröfu um hreint sakavottorð starfsmanna.

Svar:

Garðabær vísar til svars við spurningu 5, en sömu forsendur eiga við hér.

Í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 er ekki mælt með tæmandi hætti fyrir um þau hæfisskilyrði sem heimilt er að setja, heldur fer það eftir efni og eðli samnings hverju sinni hvaða kröfur eðlilegt og nauðsynlegt er að gera í því sambandi. Í ljósi þess að þjónustan er veitt við mannvirki þar sem rekin er viðkvæm starfsemi eins og við skóla, leikskóla, sjúkrastofnanir o.fl. telur Garðabær þetta nauðsynlegt skilyrði.

7. Fyrirspurn

Óskað er eftir upplýsingum um það hvar í lögum um opinber innkaup sé að finna heimild til þess að setja fram kröfu um að nýr starfsmaður verktaka þurfi að verða sérstaklega samþykktur fyrirfram af verkkaupa áður en hann hefur störf.

Svar:

Ljóst er að allir starfsmenn verktaka þurfa að fullnægja hæfisskilyrðum skv. grein 0.3.8 útboðsgagna, þ. á m. nýjir starfsmenn. Að því sögðu telur Garðabær nauðsynlegt að sveitarfélagið sem verkkaupi geti tekið afstöðu til þess hverju sinni hvort starfsmenn verktaka uppfylli umrædd skilyrði á samningstímanum.

8. Fyrirspurn

Ljóst er af útboðsgögnum að Garðabær þarf að ráða verkefnastjóra sem hefur þekkingu á raflögnum, raflagnabúnaði og raflagna vinnu, ef uppfylla á skilyrði útboðsins um mikið samráð við verkefnastjóra svo og að vinna verkefni af fagmennsku og fullnægjandi öryggi. Ætlar Garðabær að ráða slíkan verkefnastjóra til að uppfylla kröfur í útboðslýsingu?

Svar:

Engin ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu sérstaks verkefnastjóra á þessu stigi.

9. Fyrirspurn

Í útboðsgögnum er vísað til viðhaldsáætlunar. Liggur fyrir viðhaldsáætlun og hversu ítarleg er hún?

Svar:

Heildarviðhaldsáætlun er gerð í upphafi hvers árs og tekur til einstakra verkefna þar sem koma að margar iðnstéttir. Ekki hefur verið gerð samantekt á vinnu rafvirkja innan hennar sérstaklega. Það athugast jafnframt að þegar er búið að vinna hluta af verkefnum ársins 2021.

Það athugast jafnframt að viðhaldsáætlun er ekki tæmandi um þá þjónustu sem verið er að bjóða út, eins og fram kemur í grein 1.1.1 útboðsgagna um fyrirséð og ófyrirséð viðhald.

10. Fyrirspurn

Hefur útboðið verið auglýst á EES svæðinu eða er útboðið undir viðmiðunarmörkum EES svæðisins?

Svar:

Útboðið var auglýst á EES svæðinu, bæði með forauglýsingu og útboðsauglýsingu.

11. Fyrirspurn

Við mat okkar á svæðaskiptingum má ætla við fyrstu skoðun og reynslu okkar að allmikill munur sé á þjónustubörf á milli svæðanna og hún einnig verulega breytileg milli ára. Þá virðast nýjar byggingar s.s. knattspyrnuhöllin ekki vera talin með. Hver lagði mat á þjónustubörfina og eftir hvaða forsendum var þjónustubörf milli svæðanna metin?

Svar:

Nýbyggingar og byggingar í vinnslu falla ekki undir útboðið, enda ekki gert ráð fyrir sérstöku viðhaldi við þær meðan á samningstímanum stendur.

Garðabær leitaðist við að skipta svæðunum upp þannig að umfang viðhaldsþarfar væri tiltölulega jafnskipt á milli svæða. Um áætlun er að ræða sem getur bæði leitt til hækkunar og lækkunar og stærri verkefni verða boðin út sérstaklega.

Þjóðendum stendur til boða að bjóða í eitt svæði eða öll og geta þannig sjálfir tekið afstöðu til þess hvort þeir telji tilefni til mismunandi tilboðsfjárhæða eftir svæðum.

12. Fyrirspurn

Samkvæmt útboðinu miðast útboðið í heild við 3 x 1075 tíma á ári eða samtals 3.225 vinnustundir, en vinnustundir geta numið um tvöföldu til þreföldu magni þeirra vinnu sem boðin út. Óskað er eftir skýringum á þessu.

Svar:

Um rammisamningsútboð er að ræða, sbr. 40. gr. laga um opinber innkaup. Fjöldi vinnustunda er þannig aðeins til viðmiðunar og getur endanlegur tímafjöldi verið hærri eða lægri en þarna er tilgreindur.

13. Fyrirspurn

Gerð er athugasemd við aðkomu forstöðumanns Eignasjóðs að samningu og gerð útboðsins. Vakin er athygli á venslum og tengslum forstöðumanns Eignasjóðs við nokkra núverandi verktaka bæjarins og væntanlega þjóðendur ásamt alvarlegum brotum og uppákomum forstöðumanns við verktaka á fyrri stigum. Þessi tengsl og uppákomur kunna að ógilda útboðið þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Hvernig hyggst verkkaupi tryggja að mat á niðurstöðu útboðsins verði faglegt og hlutlægt eftir fyrri uppákomur?

Svar:

Við framkvæmd útboðsins, gerð útboðsgagna og yfirferð og mat á tilboðum nýtur Garðabær aðstoðar og ráðgjafar verkfræðistofunnar Strendings ehf., sem telst umsjónaraðili útboðsins. Þegar tilboð hafa verið afhent mun umsjónaraðili útboðsins yfirfara og meta tilboðin og gera Garðabæ grein fyrir niðurstöðum sínum og tillögu að vali á tilboði. Endanlegar ákvarðanir eru síðan í höndum bæjarstjórnar.

Forstöðumaður Eignasjóðs hefur starfs síns vegna komið að framkvæmd útboðsins og gerð útboðsgagna, en ekki er ráðgert að hann komi að yfirferð og mati á tilboðum.

Að því marki sem hætta telst á hagsmunaárekstrum eða öðru slíku við framkvæmd útboðsins, yfirferð tilboða eða mat á þeim verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Á þessu stigi liggur hins vegar ekkert fyrir um að slíkt hafi verið eða sé fyrir hendi.

Um útboðið gilda lög um opinber innkaup. Í lögnum er með skýrum hætti mælt fyrir um hvernig skuli farið að við framkvæmd útboðs og val á tilboðum. Ljóst er að ef bjóðendur telja að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna við framkvæmd útboðsins hafa þeir fullan rétt á að bera slíkt mál undir kærunefnd útboðsmála, sbr. nánar XI. kafli laganna.

14. Fyrirspurn

Að okkar mati kemur lítið sem ekkert fram í texta útboðsins um eðlilegar skyldur verkkaupa við að tryggja góð vinnubrögð og góð samskipti sem mætti að ósekju hafa inni í verksamningi. Má þar nefna mögulegar kröfur gagnvart báðum samningsaðilum um þjónustulund, sanngirni, virðingu, fagmennsku og heiðarleika lykilstarfsmanna verkkaupa og verktaka. Nær allir starfsmenn verkkaupa uppfylla þessi skilyrði en borið hefur á að skort hafi á þessa framkomu hjá einstaka lykilstarfsmanni verkkaupa. Borið hefur á ólögmetri frændhygli, ásetning um að brjóta gildandi samninga og jafnvel hótanir í garð verktaka. Verkkaupi þarf að setja sér reglur til að taka á umdeildri framkomu starfsmanna sinna sem þó sem betur fer heyra til undantekninga. Þá eru veigamikil atriði í útboði ekki í samræmi við núverandi verklag gagnvart þeim verktökum sem nú starfa fyrir bæjarfélagið. Er hér um að ræða stefnubreytingu sveitarfélagsins?

Athygli vekur að hvergi í útboðinu eru settar fram kröfur um eftirtalda þætti: Víðtæka og langa reynslu, mikla fagþekkingu, fjölbæfa menntun, vandvirkni, góða sögu, meðmæli, þekkingu og reynslu af þeim stofnunum bæjarins sem vinna á við. Ekki er lögð áhersla á framantalda þætti hjá verkkaupa í umræddum útboðum?

Svar:

Garðabær hefur í útboðsskilmálum sett fram þau hæfisskilyrði sem sveitarfélagið telur nauðsynleg til þess að efna samninginn, sbr. 69. gr., sbr. og 72. gr. OIL., þ. á m. um reynslu bjóðanda og starfsmanna hans. Sjá nánar grein 0.3.8 útboðsgagna *Tæknileg og fagleg geta bjóðanda*. Ekki hefur verið talin ástæða til að tiltaka í útboðsgögnum þau atriði sem nefnd eru í fyrirspurn.

15. Fyrirspurn

Má gera ráð fyrir að einn löggiltur meistari sé alltaf til staðar fyrir tilfallandi raflagna vinnu fyrir ákveðið svæði út samningstíman með fyrirvara um að hann megi hafa með sér nema eða svein þegar verkefnið krefst þess?

Svar:

Gerð er krafa um að einn löggiltur meistari sé til taks og beri faglega ábyrð á verkunum þó svo vinnan sé unnin af iðnaðarmönnum, sem uppfylla lágmarkskröfur útboðsgagna, undir hans umsjón.

16. Fyrirspurn

Í Sambandi við viðbragðsáætlun, þá er gert ráð fyrir í samningi að seljandi geti brugðist við beiðni um aðstoð innan tveggja klukkustunda fyrirvara. Spurningin er þá innan hvaða tímaramma dagsins og hvaða daga er verið að tala um þennan viðbrags tíma?

Svar:

Almennt er um að ræða þjónustu á dagvinnutíma, í einstaka undantekningartilfellum getur verið þörf á útkalli rafvirkja utan þess tíma.